

REGLUGERÐ SJÚKRASJÓÐS VERKALÝÐS OG SJÓMANNAFÉLAGS BOLUNGARVÍKUR

1.grein.

Nafn sjóðsins og varnarþing.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Verkalýðs og Sjómannafélags Bolungarvíkur. Sjúkrasjóðurinn er samtryggingarsjóður sjóðsfélaga. Heimili hans og varnarþing er er í Bolungarvík. Sjóðsfélagar eru þeir sem skilað er af umsömdu iðgjaldi til sjóðsins samkvæmt kjarasamningum.

2.grein.

Markmið.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjóðfélaga sem missa atvinnutekjur vegna sjúkdóms eða slysa, með greiðslu dagpeninga, svo og greiðslu útfararkostnaðar eftir þeim skilyrðum, sem sett eru í reglugerð þessari.

Sjóðurinn getur varið fé til að stuðla að bættu heilsufari sjóðfélaga með framlögum til rannsókna og fyrirbyggjandi verkefna á sviði heilbrigðis- og öryggismála.

3.grein.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- b) Vaxtatekjur.
- c) Gjafir, framlög og styrkir.
- d) Aðrar tekjur sem aðalfundur félagsins kann að ákveða hverju sinni.

4.grein.

Réttur til dagpeninga og styrkja.

Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum.

1. Einungis þeir sem sannarlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
2. Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins iðgjöld skv. kjarasamningum í a.m.k. 6 mánuði sjá þó 1. og 2. mgr. 7. gr.
3. Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu innan sjóðsins.
4. Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á að félagsgjöld til félagsins hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánaði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.
5. Réttur til dagpeninga/styrkja miðast við greiðslu iðgjalds. Óheimilt er að skapa sér rétt til dagpeninga/styrkja með greiðslu iðgjalda aftur í tímann.
6. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna bótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. bifreiðaslysa, þar sem bætur greiðast skv. skaðabótalögum.



Stjórn félagsins er heimilt að víkja frá því í sérstökum tilvikum en heimilt er stjórn að gera kröfu um endurgreiðslu ef bætur samkvæmt skaðabótalögum fást greiddar

5.grein. Dagpeningar og dánarbætur.

a) Frá og með fyrsta degi eftir að sammingsbundinni eða lögákveðinni greiðslu frá vinnuveitanda lýkur greiðast dagpeningar í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga (4 mánuði). Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysa-tryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

b) Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði), að loknum kjarasammingsbundnum greiðslum launagreiðenda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu vera 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

c) Dagpeningar greiðast í 90 daga (3 mánuði) vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

Réttur til dagpeninga samkvæmt greinum 5.1., 5.2., og 5.3 er sjálfstæður og aðskilinn.

d) Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000.-krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs pr. 1.1 2017 og tekur sömu breytingum og hún.

e) Vegna meðferðar út af áfengis-, spila- eða fíkniefnasýki sjóðfélaga greiðast að lokinni meðferð dagpeningar í mest 8 vikur, einu sinni á hverjum þremur árum. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

f) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að vera frá vinnu á fyrstu 7 mánuðum meðgöngutímans skal hún eiga rétt á dagpeningum eins og um veikindi væri að ræða. Greiða skal 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

g) Dagpeninga skv. staflidum a), b), c), e) og f) er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu.

Hámark dagpeninga skv. staflidum a), b), c), e) og f) er kr. 408.202 - á mánuði.

Þessi upphæð miðast við launavísitölu pr. apríl 2020 og tekur sömu breytingum og hún.

h) Dagpeninga samkvæmt a lið til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1% er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjald er lægra en 1%.

i) Réttur skv. staflíðum a) b) c) og f) endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem, dagpeningagreiðslum lýkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

Dagpeningar skulu greiddir mánaðarlega.

Réttur til styrks úr sjóðnum fyrnist sé hans ekki vitjað innan tólf mánaða frá því að bótaréttur skapaðist.

6.grein.

Geymd réttindi.

- a) Heimilt er að veita þeim sem gengst undir starfsþjálfun, sækir námskeið eða stundar nám í allt að 24 mánuði og hefur síðan aftur störf á samningssviði félagsins endurnýjaðan bótarétt þegar greitt hefur verið til sjóðsins í einn mánuð, hafi umsækjandi áður verið fullgildur sjóðfélagi. Sama gildir um þá sem hverfa frá vinnu vegna veikinda eða af heimilisástæðum.
- b) Þeir sjóðfélagar sem fara í lögbundið fæðingarorlof halda áunnum réttindum sínum hefji þeir þegar að loknu fæðingarorlofi aftur störf á samningssviði félagsins, enda ákveði viðkomandi að viðhalda rétti sínum með greiðslu félagsgjalds í fæðingarorlofi.
- c) Félagsstjórn er heimilt að veita sjóðfélaga, sem verður atvinnulaus en greiðir iðgjald til félagsins af atvinnuleysisbótum rétt til dagpeninga og styrkja. Skilyrði er að viðkomandi hafi áður en hann varð atvinnulaus öðlast rétt í sjóðnum með greiðslu iðgjalds í sjóðinn í tilskilinn lágmarkstíma samkvæmt 4. grein.

7.grein.

Samskipti sjúkrasjóða

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ, öðlast þann rétt hjá sjúkrasjóði Verk Vest eftir að hafa greitt til sjóðsins í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

Sá sem öðlast hefur rétt til styrkja úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast rétt til styrkja hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu. Þegar sótt er um styrki í nýju aðildarfélagi skal umsækjandi leggja fram yfirlit um veitta styrki sem hann hefur þegið úr fyrra sjúkrasjóði sl. 36 mánuði.

Starfi umsækjandi á fleiri en einum vinnustað og hafi verið greitt í fleiri en einn sjúkrasjóð þegar sótt er um greiðslu, skal umsækjandi greina frá því í hvaða sjúkrasjóði

hann hefur greitt og er heimilt að fresta greiðslu bóta þangað til fyrir liggur staðfesting annarra sjúkrasjóða á því að umsækjandi hafi ekki sótt um greiðslur þaðan. Sjúkrasjóður Verk Vest skal leita slíkrar staðfestingar og gefa síðan öðrum sjúkrasjóðum yfirlit yfir þær bætur sem greiddar eru vegna umsækjandans, tegund og fjárhæð bóta.

8. gr.

Aðrir styrkir.

Heimilt er stjórn félagsins að veita styrki til sjóðsfélaga í formi forvarnar- og endurhæfingarstyrkja og styrkja vegna sjúkra- og slysakostnaðar. Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum samkvæmt 16. gr. eiga þeir sem sannanlega greiða eða greitt er af til sjóðsins og verið er að greiða af til sjóðsins sem réttur til aðstoðar myndast og þeir sem öðlast hafa rétt skv. 2. mgr. 7. gr. .

Fjárhæð og tegundir styrkja fara samkvæmt ákvörðun stjórnar og úthlutunarreglum sjóðsins. Hámarksupphæðir styrkja skulu ákveðnar af stjórn félagsins og kynntar á aðalfundi félagsins ár hvert.

Sjóðfélagi sem látið hefur af störfum vegna aldurs eða örorku og greitt var af til sjóðsins a.m.k síðasta árið fyrir starfslok getur nýtt áunnin réttindi sem hann átti við starfsloká næstu 24 mánuði á eftir.

Stjórn er heimilt að afnema styrki samkvæmt 8. gr. tímabundið krefjist fjárhagsafkoma sjóðsins þess.

9.grein.

Umsókn og læknisvottorð.

Sá sem æskir greiðslu dagpeninga skal leggja fram skriflega umsókn til sjóðsins ásamt læknisvottorði er tilgreini þann dag sem hlutaðeigandi veiktist eða slasaðist og hvenær hann varð eða verður vinnufær á ný. Ennfremur vottorð vinnuveitanda um starfshlutfall síðustu 12 mán og hvenær launagreiðslum lauk. Sjóðurinn endurgreiðir umsækjendum kostnað af læknisvottorðum vegna umsóknar.

Eyðublöð fyrir umsóknir lætur sjóðsstjórn gera og lætur umsækjendum í té.

Heimilt er stjórn sjóðsins að krefjast þess að umsækjandi um dagpeninga leggi fram vottorð frá sérstökum trúnaðarlækni sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir þýðingu vottorða frá löggiltum skjalapýðanda. Umsækjandi ber kostnað af þýðingu .

10.grein.

Upplýsingaskylda og endurkröfur.

Stjórn sjóðsins er skylt að upp-lýsa sjóðs-fé-laga um rétt þeirra til að-stoðar sjóðsins á aðgengilegan hátt.

Sá sem reynir að afla sér styrks/dagpeninga með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar, leynir eða lætur hjá líða að tilkynna um breytingar á högum sínum eða heilsu sem áhrif hefur á réttindi að fullu eða hluta samkvæmt þessum starfsreglum skal missa rétt til greiðslna úr sjóðnum vegna þess tilviks sem um ræðir.

Skylt er að endurkrefja félagsmann um þegar greidda styrki/dagpeninga sem aflað er með sviksamlegum hætti auk dráttarvaxta.

Félagið skal endurkrefja félagsmann þegar styrkir/dagpeningar eru ofgreiddir á grundvelli rangra upplýsinga eða vegna þess að félagsmaður hefur látið hjá líða að veita eða uppfæra upplýsingar sem hafa áhrif á rétt í sjóðnum. Einnig er heimilt að endurkrefja félagsmann þegar styrkur/dagpeningar eru ofgreiddir vegna mistaka af hálfu starfsmanna sjóðsins.

Þegar bótaþegi hefur fengið greiddar styrk/dagpeninga úr sjúkrasjóði en síðar kemur í ljós t.d. fyrir dómstólum að hann hefur átt rétt til frekari greiðslna frá atvinnurekanda s..s. launa í veikindum skal endurkrefja félagsmann.

Áður en félagsmaður er sviptur bótarétti skal veita honum rétt til andmæla. Tilkynna skal félagsmanni með sannanlegum hætti ef hann er sviptur bótarétti.

11.grein.

Kostnaður við rekstur.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Sjóðstjórninni er heimilt að verja hluta af tekjum sjóðsins til að standa straum af kostnaði við rekstur hans. Þá má verja af fé sjóðsins til skrifstofutækja allt að helmingi á móti félagssjóði, enda séu þau eign sjóðsins í sama hlutfalli.

12.grein.

Aðrar greiðslur.

Stjórn félagsins er heimilt að ráðstafa fjármunum úr sjóðnum í samræmi við tilgang sjóðsins. Styrkir til stofnana og félagasamtaka skulu ákveðnir af stjórn félagsins hverju sinni.

Engar greiðslur úr sjóðnum aðrar en áður hafa verið taldar eru heimilar nema til komi samþykki félagsfundar og enga upphæð má greiða úr sjóðnum nema eftir bókaðri ákvörðun sjóðsstjórnar.

13.grein.

Lausn undan greiðsluskyldu.

Þegar farsóttir geisa getur félagsfundur, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, leyst sjóðinn frá greiðsluskyldu um stundarsakir. Félagfundur getur einnig, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar, ákveðið að lækka dagpeninga um stundarsakir, en þó ekki yfir skemmri tíma en 6 mánuði, ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

14.grein

Stjórn sjóðsins, afgreiðsla og reikningshald.

Stjórn sjóðsins er skipuð 3 mönnum og 3 til vara, sem eru kjörnir á aðalfundi.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera á skrifstofu Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur.

Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af félagslegum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfuns félagsins.

Endurskoðun ber að framkvæma af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarfélagi í samræmi við góða endurskoðunarvenju sem í gildi er á hverjum tíma.

Í ársreikningi eða skýringum með honum skal sundurliða sérstaklega kostnað vegna hvers og eins bótaflokks skv. 5. gr.

Um bókhald, reikninga og endurskoðun fer að öðru leyti skv. viðmiðunarreglum um bókhald og ársreikninga stéttarféлага og landsambanda sbr. 3. mgr. 44. gr. laga ASÍ eins og þær reglur eru á hverjum tíma.

15. grein.

Úttekt óháðra eftirlitsaðila.

Ár hvert, eigi síður en 31. maí skulu endurskoðaðir ársreikningar sjóðsins sendir skrifstofu ASÍ.

Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal senda miðstjórn ASÍ úttekt þessa með ársreikningi sjóðsins.

Við mat á framtíðarstöðu sjóðsins skal tilgreina rekstrarkostnað, ávöxtun sjóðsins og hvort sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Sérstaka grein skal gera fyrir áhrifum á afkomu sjóðsins vegna ákvarðana skv. Staflíðum c, og d í 5. gr. Og staflíðum a, og b í 6. gr. Ennfremur vegna inneignatengdra styrkja.

Geti sjóðurinn ekki staðið við skuldbindingar sínar skv. Niðurstöðu úttektarinnar ber stjórn sjóðsins að leggja fyrir aðalfund tillögu að breytingu á reglugerð sem tryggir að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

16. grein.

Ávöxtun sjóðsins.

Sjóðurinn ávaxtast í fasteignum sem félagið er eigandi að, hlutabréfum í skráðum félögum og skuldabréfum með bæjar- eða ríkisábyrgð, þó svo að ávallt sé handbært í almennum innlánsreikningum nægjanlegt fé til árlegra útgjalda.

Gjald til sjóðsins af kaupum verkafólks og sjómanna skal ákveðið í samningum milli Verkalýðs- og sjómannafélgs Bolungarvíkur og vinnuveitenda. Innheimta gjaldsins annast skrifstofa félagsins.

17. grein.

Breytingar á reglugerð.

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur með 2/3 hlutum atkvæða. Geta skal þess í fundarboði, ef stjórn sjóðsins hyggst leggja breytingar fyrir fundinn.

Allar breytingar á reglugerð þessari skulu sendar skrifstofu A.S.Í. samkvæmt 2. málsgrein 42. greinar laga Alþýðusambands Íslands.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verkalýðs og sjómannafélags Bolungarvíkur þann 17. maí 2024

